

Nd.

274. Breytingartillaga

[147. mál]

við brtt. á þskj. 259 [Fæðingarorlof].

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni.

Ákvæði til bráðabirgða í 2. tl. orðist svo:

Nú hefur foreldri hafið töku fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og greiðslutímabili er ekki lokið við gildistöku laga þessara og skal þá greiðsla fyrir þann tíma, sem á vantar, vera samkvæmt lögum þessum. Þó skal heildargreiðsla í fæðingarorlofinu aldrei vera hærri en verið hefði samkvæmt þessum lögum. Í þessu sambandi skal reikna þá daga, sem atvinnurekandi kann að hafa greitt laun í fæðingarorlofinu, sem bótadaga.

Með sama hætti skal greiða þeim, sem öðlast í fyrsta sinn rétt með lögum þessum samkvæmt 3. tl. 1. gr. og fætt hafa barn fyrir gildistíma þeirra, þann hluta orlofstímans sem þessi lög gera ráð fyrir og eftir er við gildistöku þeirra.